

dómurinn, og nefnir þá „seinni tíðar manna“ vitnisburði, þótt það sje ljóst af dómsgjörðunum, að meiri partur vitnanna eru gamlir menn, nákunnugir á þrætustaðnum, og sem bera vitni um það, sem var fyrir meira en mannsaldri og þar á eptir.

Fyrir þessar sakir verður að dæma hinn áfrýjaða merkjadóm ómerkan og að vísa málinu aptur heim í hjerað. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og málfutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, sem ákveðast 15 krónur, að greiðast af almanna fje.

Að því málið hefur í hjeraði verið varið og yfirdómi sókt með gjafsókn vottast, að flutningur þess hefur verið lögmætur.

D v í ú r s k u r ð a s t :

Hinn áfrýjaði merkjadómur á vera að ómerkur, og vísast málinu aptur heim í hjerað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Málfutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Franz Siemens, 15 krónur, greiðist af almanna fje.

Mánudaginn 31. maímán.

Nr. 1/1886.

Sigurður Andrjesson kirkjuhaldari
gegn

húsmanni Hans A. Jóhannessyni.

D ó m u r :

Eptir að lögtak hafði verið gjört hjá hinum stefnda, húsmanni Hans A. Jóhannessyni, fyrir hálfum ljós-

tolti til Eyrarkirkju á Ísafirði, höfðaði hann fyrir aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar mál til aptursóknar á hinu lögtekna gjaldi, og var þarnæst með dómi, uppkveðnum þann 11. nóvbr. 1885, kirkjuhaldara Sigurði Andrjessyni gjört að skyldu að greiða aptur hið lögtekna gjald, alls 2 kr. 59 a., en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn nú skotið til yfir-dómsins og farið því fram, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá undir-rjettinum, en hinn stefndi skyldaður til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum, eins og málið eigi væri sókt með gjafsókn. Sem ástæðu til þess hefur áfrýjandinn talið, að lögtakið hafi verið gjört þann 5. maí 1885, en fyrirfall sáttanefndarinnar á kæru stefnda, dagsettri 4. ág. s. á., sje fyrst gefið út af henni þann 2. septbr. s. á., og sje því málsóknin eigi byrjuð innan 3 mánaða. Af hendi hins stefnda mætti enginn; verður því málið dæmt eptir þeim gögnum, sem fram eru komin.

Opið brjef 2. apríl 1841, 5. gr. kveður svo á, að málsókn útaf fjárnámi skuli höfða að undangenginni kæru til sáttanefndarinnar innan 3 mánaða frá því lögtakið var gjört. — Að vísu er kæran til sáttanefndarinnar í þessu máli dagsett 4. ágústmán., eða rjettum 3 mánuðum eptir að lögtaksgjörðin fór fram, en fyrirfall til málsaðila er ekki gefið út fyr en 2. septbr. næstan eptir, og er málsókninni því ekki haldið fram nógu tímanlega samkvæmt ákvæðum ný nefnds opins brjefs 5. gr.

Hinn áfrýjaða dóm ber því að dæma ómerkan og málinu að vísa frá undirrjetti. Málskostnaður fyrir

báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður, en hinum skipaða talsmanni áfrýjanda ber að greiða í málflytningu 10 kr. af almanna fje.

Að því leyti mál þetta fyrir landesyfirdóminum hefur verið sókt með gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera :

Hinn áfrýjaði dómur á ómerkur að vera og vísast málinu frá undirrjetti. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Málflytningu til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, málflytningu Franz Siemens, greiddist af almanna fje með 10 krónum.

Nr. 2/1886

Sigurður Andrjesson kirkjuhaldari
gegn
Birni gullsmið Árnasyni.

D ó m u r :

Eptir að lögtak hafði verið gjört hjá hinum stefnda, Birni gullsmið Árnasyni, fyrir heilum ljóstolli til Eyrarkirkju á Ísafirði, höfðaði hann fyrir aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar mál til aptursóknar á hinu lögteknna gjaldi, og var þarnaest með dómi, uppkveðnum þann 11. novbr. 1885, kirkjuhaldara Sigurði Andrjessyni gjört að skyldu að greiða aptur hið lögteknna gjald, alls 3 kr. 85 a., en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú áfrýjandinn skotið til yfirdómsins og farið því fram, að hinn áfrýjaði dómur